

Sameiginlega ábyrgðin

Foreldrar og skóli bera sameiginlega ábyrgð á að nemendur fái eins góða skólagöngu og mögulegt er. Ef samstarf á milli skóla og heimilis er ekki vel virkt, er ekki mögulegt að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir að einstakir nemendur geti þróað sína hæfileika til fullnustu. Samt er það þannig að skóli og heimili bera ekki sömu ábyrgð á öllum atriðum skólustarfsins. Það eru ákveðin atriði sem foreldrar bera höfuðábyrgð á og önnur atriði sem skólinn ber höfuðábyrgð á.

Þetta er á ábyrgð foreldranna

Að nemendur eru tilbúnir til að taka á móti kennslu. Þetta þýðir t.d.

- að vakna tímanlega og að mæta á réttum tíma
- að borða góðan morgunmat
- að fylgja eftir heimanámi
- að kunna mannasiði
- að innræta jákvætt hugarfar
- að vera vel nærðir á sál og líkama
- að trufla ekki kennslu
- að útkljáð vandamál komi ekki inn í skólann
- að tala saman um skólann/kennsluna á jákvæðan hátt
- að temja nemandanum jákvætt viðhorf til náms
- að nemendur fái hvatningu heima

Að styðja við skólagöngu nemenda á virkan máta. Það þýðir t.d.

- að mæta á viðburði í skólanum
- að sjá til þess að nemandinn læri á ákveðnum tíma og komi vel undirbúinn
- að fylgjast með heimanáminu og aðstoða við heimalestur
- að leggja til kunnáttu og miðla reynslu með virkri þátttöku
- að styðja við beiðnir sem skólinn sendir á foreldra
- að foreldrar sýni góða fyrirmynd í leik og starfi
- að hafa hag nemandans fyrir brjósti og að hann fái þá aðstoð sem hann á rétt á
- að vera í góður sambandi við starfsfólk skólans
- að tala jákvætt um skólann og starfsfólk
- að taka á neikvæðum athugasemdum með réttlæti og hlusta
- að sýna viðfangsefnum nemenda áhuga

Að stunda uppbyggjandi og jákvæða samvinnu með skólanum. Þetta þýðir t.d.

- að taka virkan þátt í starfi skólans
- að foreldrar séu virkir í foreldrafélaginu
- að mæta á foreldrafundi
- að foreldrar taki þátt í félagslífi nemandans
- að tala vel um skólann þegar nemandinn heyrir, alltaf
- að nemendur beri virðingu fyrir eigum skólans og annarra
- að upplýsa um gildi náms
- að láta vita ef vel er gert
- að láta vita ef betur má fara
- að vera í góðu sambandi við kennara og annað starfsfólk
- að muna að skólinn er sameign samfélagsins og því samábyrgð okkar allra

Að vinna með í að nemendur og kennarar hafi góð samskipti í skólanum. Það þýðir t.d.

- að tala jákvætt um skólastarfið. Gæta þess sem sagt er við nemendur um skólann og starfsfólk hans
- að kenna umburðarlyndi
- að kenna kurteisi og virðingu fyrir ólíkum skoðunum
- að kenna að rökstyðja mál sitt
- að viðhafa kurteisi í samskiptum við skólann, foreldrar eru fyrirmynd
- að vera með í undirbúningi uppákoma
- að vera í góðu sambandi við kennara
- að nemendur trufla ekki kennslu, heldur séu fróðleiksfús
- að nýta viðtalstíma
- að nota Mentor skipulega

„Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur og við tölum við aðra eins og við viljum að aðrir tali við okkur.“